

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps, Bláskógabyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 25. ágúst 2016 breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, sem samþykkt var í byggðarráði Bláskógabyggðar 27. júlí 2016.

Í breytingunni felst að verslunar- og þjónustusvæði Iðufells í Laugarási er stækkað á kostnað íbúðarsvæðis. Á 4 ha verslunar- og þjónustusvæði er gert ráð fyrir hóteli auk ýmiss konar þjónustu fyrir ferðamenn og aðstöðu fyrir starfsfólk en á 1 ha íbúðarsvæði verður lágreist íbúðarbyggð sem m.a. getur nýst fyrir starfsmannaíbúðir hótelsins.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 25. ágúst 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2016